

Ed.

160. Frumvarp til laga

[122. mál]

um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1921 um stimpilgjald, sbr. lög nr. 24 7. apríl 1971 um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

1. mgr. 17. gr. laganna (sbr. 2. gr. 1. nr. 24/1971) orðist svo:

Með 0.25% af verðhæðinni skal stimpla afsalsbréf fyrir fasteignum og skipum yfir 5 brúttósmálestum, öðrum en þeim, sem keypt eru erlendis. Sama gildir um afsöl við fógetagerðir, skipti og uppboð, svo og önnur skjöl um afhendingu fasteigna og skipa, svo sem kaupsamninga, makaskiptabréf, gjafabréf og próventusamninga, enn fremur erfðafestubréf, ef þau veita rétt til að selja eða veðsetja.

2. gr.

4. mgr. 17. gr. laganna (sbr. 2. gr. 1. nr. 24/1971) falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 31. desember 1976.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að hlutfall gjaldtöku vegna stimplunar afsalsbréfa fyrir fasteignum verði lækkað, vegna þeirrar hækkunar gjaldstofnsins sem leiðir af breyttu fasteignamati.

Um almennar athugasemdir við lagafrumvarp þetta vísast til frumvarps til laga um breyting á lögum um aukatekjur ríkissjóðs sem lagt er fram á Alþingi samtímis þessu frumvarpi.

Um 1. gr.

Með greininni er lagt til að stimpilgjald afsalsbréfa fyrir fasteignum verði lækkað úr 0.5% í 0.25% af verðhæðinni.

Um 2. gr.

Lagt er til að felld verði niður úr lögnum ákvæði 4. mgr. 17. gr. laganna sem fyrir löngu eru úrelt orðin.

Um 3. gr.

Samkvæmt auglýsingu fjármálaráðuneytisins er gildistöku dagur hins nýja fasteignamats ákveðinn 31. desember 1976. Miðað er við sama gildistöku dag þeirra laga sem breyta þarf vegna hins framreiknaða fasteignamats.